



Jötunn: Færanlegur sælureitur

TEXTI: AUÐUR I OTTESEN. MYNDIR: PÁLL JÖKULL PÉTURSSON. TÖLVUTEIKNINGAR: JÖTUNN.

Fyrir áeggjan viðskiptavina hóf Jötunn að hanna og reisa 2-3-4 manna gistieiningar undir heitinu Náttstaður og 65 fermetra hús, Sælureit, sem getur verið bæði íbúðarhús og sumarhústaður. Húsin eru smíðuð á Stokkseyri, efnisvalið er vandað og húsin að mestu viðhaldsfrí. Eitt af markmiðunum er að bjóða húsin á góðu verði án þess að skerða gæðin.



Við hjá Sumarhúsinu og garðinum hittum Finnboga Magnússon, framkvæmdastjóra og eiganda Jötuns á byggingarstað húsanna á Stokkseyri. „Hugmyndin að sölu gistieininga, og síðar færanlegra húsa, þróaðist vegna þess að bændur sem við þjónustum byrjuðu að pota í okkur; en mikið af okkar viðskiptavinum eru í ferðaþjónustu eða þurfa húsnaði tímabundið eins og þegar verða kynslóðaskipti til sveita,“ segir Finnbogi er hann er spurður um tildrög þess að þeir hjá Jötunn fóru út í húsbyggingar.

Hann segir að þegar þeir höfðu gripið boltann ákváðu þeir að vanda vel til allra þátta og bjóða húsin á góðu verði, sem rímar við ímynd þeirra. „Við fengum vel metinn byggingaverktaka til liðs við okkur og ræddum hugmyndir okkar að gistieiningum sem myndu henta ferðaþjónustunni og vönduðu húsi sem væri auðfærlegt. Lagt var upp með vandað efnisval og að byggingarnar yrðu að mestu viðhaldsfríar,“ segir Finnbogi og upplýsir að utanhússklæðningin

sé liggjandi báruáplötur með innbrenndum lit sem þarf ekkert viðhald og gluggarnir eru állklæddir.

Það vekur athygli að sérstaklega er gert ráð fyrir að Jötunn húsin séu auðfærleg. „Segjum sem svo að líftími húss sé 80-100 ár og við gefum okkur að svona hús gæti verið fært tvisvar til þrisvar á því tímabili. Og svo eru líka þeir sem kaupa sumarhúsaland og eru enn óvissir um að staðurinn eigi við þá, ef ekki þá er kostur að húsið sé auðfærlegt og hægt að taka upp og færa annað.“

HAGSTÆTT VERÐ

„Við reisum húsin á Stokkseyri með þrautþjálfuðum mönnum. Uppsetning á fyrsta húsinu er alltaf dýrust en hagræðing felst í því að byggja fleiri hús. Það næst upp hraði í samsetningu eininganna og með sérþekkingu og sérverkfærum þá við náum niður verðinu, sem er eitt af markmiðunum með framleiðslunni,“ segir Finnbogi. Byggingartíminn frá pöntun er 10-12 vikur. Viðskiptavinurinn fær afhent fullbúið hús með innréttingum,



◀ Kaupendur Sælureits geta valið um nokkra liti á utanhússklæðningunni á húsinu.

◀ Finnbog Magnússon framkvæmdarstjóri Jötunn.

▲ Tölvuteikning af Sælureit.

▼ Hús Jötunn eru reist á Stokkseyri, hér er Náttstaður tilbúin til flutnings.

gólfefni og hreinlætistækjum, eldavél og ofni í eldhúsið,“ segir Finnbogi og þegar hann er spurður um hvort þeir sinni sérþörfum viðskiptavinarins svara hann. „Við erum að framleiða stöðluð hús en erum þó sveigjanlegir. Innfalið í verðinu er val um lit á útlækningu og lit á veggjum að innan. Sé óskað eftir breytingum á húsunum þá er það í boði. Stækkun á gluggum, annað gólfefni eða innréttingar - þá er greitt fyrir mismun.“

Ekki er þörf á að steypa sökkul undir húsið heldur er nægjanlegt að húsið hvíli á steiptum bitum ofan á þjöppuðum malarpúða. Forsteyptu undirstöðurnar er hægt að fá keyptar hjá Jötunn sé þess óskað. Finnbogi segir að það þurfi fimm undirstöður, sín hvora við gaflana og þrjár undir þverveggi. Húsið er skráfáð fast á undirstöðurnar og haggast ekki. ■



Húsið afhendist fullbúið og tilbúið til notkunar.

Innfalið er dúkklagt baðherbergi með sturtu, klósetti og hreinlætistækjum. Í öðrum herbergjum er parket eða teppi. Veggir eru málaðir. Í eldhúsi eru innréttingar ásamt eldavél og ofni. Skápar eru í herbergjum.

Hönnun húsa er samkvæmt íslenskum kröfum og uppfylla ákvæði íslenskra byggingareglugerða.

Tilboðsverð húsa er kr. 16.900.000 án virðisaukaskatts. Með virðisaukaskatti er verð þeirra 20.956.000 kr.

Gólf

Aðalburðarbitar gólfins eru úr límtré, á milli eru steinullareiningar. Efra gólf eru 45x145 mm dregarar klæddir nótuðum 22 mm þykkum spónarplötum.

Útveggir

Eru einingar frá Límtré Vírnet með steinullareiningum. Að utan er húsið klætt með lituðu báruáli.

Þak

Steinullareingar bornar uppi af límtrésbitum og ásum við vegg. Þakrennur og niðurfallsrör eru á sínum stað.

Gluggar og útidyrhurð

Állklæddir viðargluggar og viðarhurð. Milliveggir: Gifsklæddir veggir á viðargrind, einangrað með steinull. Milliveggir eru hluti af burðarvirki hússins.

Stærð

Flatamál: 65 fermetrar.
Breidd: 5,4 metrar.
Lengd: 12 metrar.
Þakhalli: 7 gráður.

Jötunn er með höfuðstöðvar á Selfossi, lager, verslun og viðgerðarþjónustu þar og verslanir á Akureyri og Egilsstöðum. Frekari upplýsingar um húsin má finna á heimasíðu fyrirtækisins jotunn.is og með því að senda fyrirspurn á finnbogi@jotunn.is